

Orkubúskapardeild.
Greinargerð með fjárlagatillögum fyrir árið
1990

Jón Ingimarsson

Greinargerð JI-89/02

ORKUBÚSKAPARDEILD

Greinargerð með fjárlagatillögum fyrir árið 1990

1. INNGANGUR

Gert er ráð fyrir að umfang starfsemi á sviði orkubúskapar aukist nokkuð frá árinu 1989. Gert er ráð fyrir að ráða hagfræðing til deildarinnar á yfirstandandi ári, (tilfærsla innan stofnunar), og er gert ráð fyrir honum í tillögnum.

Heildarútgjöld vegna verkefna deildarinnar eru áætluð 19,4 Mkr. Ekki er unnið að söluverkefnum á deildinni. Á meðfylgjandi yfirlitsblaði er gerð grein fyrir skiptingu útgjalda á verkefnaflokka.

2. MEGINVERKEFNI ORKUBÚSKAPARDEILDAR

2.1 Orkuspár

Lokið verður við endurskoðun spár um raforkunotkun og um notkun orku til húshitunar. Hafin verði endurskoðun á spá um um jarðvarmanotkun. Þá verður haldið áfram vinnu við að tengja orkunotkun við þjóðhagsstærðir. Þessi vinna tengist störfum orkuspárnefndar.

2.2 Orkukerfi

Orkugeta raforkukerfisins. Á árunum 1982-1986 vann sameiginlegur starfshópur Orkustofnunar, Landsvirkjunar og Rafmagnaveitna ríkisins að því að endurbæta aðferðir við mat á orkugetu raforkukerfisins og rekstri þess. Með orkugetu raforkukerfisins er átt við hversu stórum markaði fyrir forgangsorku virkjanakerfið getur sinnt með hagkvæmum hætti. Áfram verður unnið að því að framkvæma tillögur hópsins. Reiknað er með að deildin annist áfram hluta verkefnisins.

Jafnframt er gert ráð fyrir að vinna að gerð einfalds líkans til að meta hversu mikilli í raforkusölu einstakar virkjanir sem bætt er við kerfið geta sinnt. Líkanið sem notað er nú í þessum tilgangi er mjög stórt og því mikilvægt að gert verði einfalt líkan í þessu skyni.

Virkjanaleiðir. Haldið verður áfram samanburði á því með hvaða hætti hagkvæmast er að anna aukningu í raforkunotkun á næstu áratugum. Í því sambandi þarf sérstaklega að athuga raforkuvinnslu samfara annarri nýtingu háhita t.d. á Nesjavöllum og minni vatnsaflsstöðva.

Bilanaskráning. Við gerð áætlana um uppbyggingu raforkukerfisins er mjög þýðingarmikið að hafa gögn um hve áreiðanlegir einstakir þættir raforkukerfisins eru. Að undanförunu hafa Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða, Rafmagnsveita Reykjavíkur og Rafmagnsveitur ríkisins auk Orkustofnunar unnið að því að samræma skráningu um bilanir í raforkukerfinu. Gert er ráð fyrir að orkufyrirtækin skrái bilanir og truflanir í eigin raforkukerfi auk þess sem þau vinni úr þeim gögnunum vegna uppbyggingar á orkuveitusvæðum sínum, fyrirbyggjandi viðhalds o.fl. Jafnframt er gert ráð fyrir því að fyrirtækin sendi gögn um bilanir til Orkustofnunar sem mun vinna úr þeim yfirlit yfir rekstrartruflanir í raforkukerfinu fyrir allt landið. Fram á árið 1989 hefur allur kostnaður við verkefnið fallið á orkuveiturnar, en seint á yfirstandandi ári þarf að hefja gerð forrita vegna verkefnis Orkustofnunar, þá vinnu þarf stofnunin að kosta.

Raflínunefnd. er samstarfsnefnd Orkustofnunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar og fæst fyrst og fremst við að gera tillögur um álagsforsendur fyrir meiriháttar háspennulínur hér á landi og afla á kerfisbundinn hátt þekkingar sem varðar áraun á háspennulínur hér á landi af völdum vinda og ísingar. Hún var upphaflega skipuð af Iðnaðarráðuneytinu 1972 en með bréfi ráðuneytisins frá 19. maí 1983 færð "á vettvang Orkustofnunar", og hefur síðan starfað þannig sem samstarfsnefnd ofangreindra aðila, en auk fulltrúa þeirra situr einn veðurfræðingur í nefndinni sem sérfræðingur í veðurfræði.

Starf nefndarinnar hefur dregist mikið saman að undanförunu eftir því sem dregið hefur úr lagningu meiriháttar lína. Hún vinnur samt áfram að gagnasöfnun og sem samráðsvettvangur. Gert er ráð fyrir að hún starfi þannig áfram og verði til taks ef aftur hefst áttak í línubýggingum. Á árinu 1990 er gert ráð fyrir að nefndin starfi "í hægagangi", með um eða innan við 10 fundi á árinu.

2.3 Samrekstur jarðvarma- og raforkukerfis

Jarðhiti og vatnsorka sjá fyrir um 3/4 hlutum af orkunotkuninni í landinu, en þessar orkulindir eru ekki tengdar í rekstri. Talið er að með samrekstri þeirra megi ná fram aukinni hagkvæmni og þannig lækka kostnað á hverja nýttu orkueiningu þegar litið er til lengri tíma. Jafnframt því má vænta þess að hægt sé að lengja þann tíma sem unnt er að nýta hvert jarðhitasvæði, en nú er dælt meira úr flestum þeirra en sem nemur endurnýjun þeirra. Áfram verður unnið að þessu verkefni.

2.4 Orkusparnaður

Árið 1984 fól Iðnaðarráðuneytið Orkustofnun að annast vinnu að orkusparnaði á öðrum sviðum en við upphitun íbúðarhúsnæðis. Það verkefni fól ráðuneytið sérstakri verkefnisstjórn, sem var lögð niður

1987. Undanfarin ár hefur fremur lítið verið unnið að þessu verkefni. Á árunum 1988 - 1989 hefur stofnunin haft með höndum verkefnisstjórn á íslenska hluta norræns verkefnis um orkusparnað í iðnaði. Íslenska verkefnið er orkusparnaður í fiskiðnaði. Gert er ráð fyrir nokkurri vinnu á þessu sviði á árinu 1990.

2.5 Orkuverð og orkuskattar.

Áformað er að kanna verðmyndun orku hér á landi með það í huga að stofnunin geti betur sinnt ráðgjafarhlutverki sínu við stjórnvöld. Jafnframt verður haldið áfram öflun upplýsinga erlendis frá um orkuverð og orkuskatta. Á yfirstandandi ári var gefin út skýrsla um orkuverð á Íslandi 1988. Áformað er að slík skýrsla verði gefin út á hverju ári í framtíðinni.

2.6 Gagnasöfnun, gagnavarsla og upplýsingamiðlun um orkumál

Deildin annast gagnasöfnun um flesta þætti orkumála, svo sem um orkuframleiðslu, -innflutning, -notkun, -verð og rekstur orkumannvirkja. Þeirri starfsemi verður haldið áfram. Að undanförunu hefur verið unnið að uppsetningu tölvugagnabanka um orkumál og verður þeirri vinnu haldið áfram, jafnframt því sem unnið verður að því að gera öll samskipti við bankann auðveldari með það í huga að þeir sem þurfa á upplýsingum úr bankanum að halda geti haft aðgang að honum að staðaldri. Gert er ráð fyrir að uppsetningu bankans ljúki á árinu 1990.

Ríkur þáttur í starfsemi deildarinnar er að veita upplýsingar um orkumál. Tilkoma tölvugagnabanka mun auðvelda og styrkja þá þjónustu.

2.7 Alþjóðleg samskipti

Deildin mun sinna nokkuð norrænu samstarfi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkuáætlaða og orkusparnaðar. Einnig er gert ráð fyrir starfi vegna Alþjóðlegu orkumálaráðstefnunnar.

3. STARFSLIÐ

Starfsmenn deildarinnar eru nú 4 í 3,5 stöðugildum. Með tilliti til þess að áformað er að leggja aukna áherslu á hagræn verkefni, er gert ráð fyrir að ráða deildarhagfræðing í ótímabundna stöðu á þessu ári, (tilfærsla innan stofnunar), þannig að í tillögunum er gert ráð fyrir 4,5 stöðugildum á næsta ári.

4. ÖNNUR GJÖLD

Langmestur hluti af öðrum gjöldum deildarinnar er vegna aðkeyptrar sérfræðisþjónustu og útgáfu. Verkefni deildarinnar eru mjög fjölþætt og því hefur jafnan verið leitað út fyrir stofnunina eftir ráðgjöf í ríkum mæli fremur en að fjölga starfsmönnum. Miðað er við að svo verði áfram.